

1984 nr. 83 25. maí**Lög um erfðafjárskatt**

■ **1. gr.** Af öllum fjárverðmætum og fjármunaréttindum, er við skipti á dánarbúi manns hverfa til erfingja hans, skal greiða skatt til erfðafjárskjódís eftir lögum þessum, enda fari búskiptin fram hér á landi, þó með þeim undantekningum er lög þessi greina.

□ [Af öllum fasteignum hér á landi, sem eigendaskipti verða að á grundvelli lögerfða, bréferfða eða fyrirframgreiðslu arfs, skal greiða skatt eftir lögum þessum án tillits til þess hvar aðilar að ráðstöfuninni eru búsettir.]¹⁾

□ Á sama hátt skal greiða skatt eftir lögum þessum af gjafa-arfi, dánargjöfum, fyrir fram greiddum arfi og gjöfum þar sem gefandi hefur áskilið sér not eða tekjur af hinu gefna til dauðadags eða um tiltekinn tíma sem ekki er á enda við fráfall hans.

¹⁾ L. 114/1989, 1. gr.

■ **2. gr.** Eftirtalin hugtök eru í lögum þessum notuð sem hér segir:

A. Sambýlismaður: Sá sem stofnað hefur til óvígðrar sambúðar við persónu af gagnstæðu kyni og tekur arf eftir hana samkvæmt arfleiðsluskrá þar sem stöðu hans sem sambýlismanns arfleiðandans er ótvírætt getið.

B. Stjúpbarn: Barn maka, enda hafi það alist upp á heimili arfleiðanda.

C. Fósturbarn:

1. Barn annars manns er alist hefur upp á heimili arfleiðanda frá barnæsku til sjálfræðisaldurs,

2. barn sambýlismanns arfleiðanda,

3. barn maka arfleiðanda, ef það telst ekki stjúpbarn arfleiðanda.

■ **3. gr.** Fjárhæð erfðafjárskatts ræðst af sífatengslum erfingja við arfleiðanda, hvort heldur sem arfur fellur til erfingja samkvæmt beinum lagaákvæðum, erfðaskrá eða dánargjafargerðing.

□ Nú afsalar maður sér arfi eftir annan mann og skal þá erfingi, sem við arfsafsalíð fær stærri arfshluta en hann ella hefði fengið, greiða af hinum aukna arfi sama erfðafjárskatt og hinum hefði borið að greiða er afsalaði sér arfi. Sé sá undanþeginn erfðafjárskatti, sem afsalar sér arfi, skal sá er þann arf hlýtur greiða af honum sama erfðafjárskatt og honum hefði borið að greiða ef hann hefði tekið þann arf beint.

■ **4. gr.** Af arfi, sem fellur til þess hjóna sem lifir hitt, svo og arfi sambýlismanns, sbr. 2. gr., skal engan erfðafjárskatt greiða, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 3. gr. [Þá getur félagsmálaráðherra ákveðið að sömu reglur gildi um annars konar sambúðarform ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, svo sem varanleg örorka, alvarleg veikindi eða aðrar sambærilegar aðstæður. Með annars konar sambúðarformi er átt við að sameiginlegt heimilishald hafi átt sér stað um langan tíma.]¹⁾

□ Af arfi, sem fellur til kirkna, opinberra sjóða, líknar- og menningarstofnana eða félaga, skal engan erfðafjárskatt greiða, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 3. gr. Sama gildir um handrit, bókasöfn, listaverk og minjagripa sé hlutum þessum ánafnað eða þeir gefnir opinberum söfnum landsins eða alþjóðlegum stofnunum.

□ Fjárhæð erfðafjárskatts af arfi annarra erfingja en að fram- an greinir ákveðst þannig, sbr. þó 5. gr.:

A. Af arfi, sem fellur til niðja hins látna, kjörbarna, stjúpbarna eða fósturbarna eða niðja þeirra, svo og af arfshluta sem ráðstafað hefur verið með erfðaskrá samkvæmt ákvæðum 35.

gr. erfðalaga nr. 8 1962, skal greiða af arfi hvers erfingja um sig: Af fyrstu 140.000,00 krónum 5 af hundraði, af næstu 140.000,00 krónum 6 af hundraði, og svo áfram þannig að skatturinn eykst um einn af hundraði af hverjum 140.000,00 krónum er arfur hækkar um, allt til þess að skatturinn nær því að verða 10 af hundraði.

B. Af arfi, sem fellur til foreldra hins látna eða niðja þeirra er ekki falla undir A-lið þessarar málsgreinar, skal greiða af arfi hvers erfingja: Af fyrstu 140.000,00 krónum 15 af hundraði, af næstu 140.000,00 krónum 17 af hundraði, og svo áfram þannig að skatturinn eykst um tvo af hundraði af hverjum 140.000,00 krónum er arfur hækkar um, allt til þess er skatturinn nær því að verða 25 af hundraði.

C. Af arfi, sem fellur til afa eða ömmu hins látna eða barna þeirra eða fjarskyldari eða óskyldra aðilja, skal greiða af arfi hvers erfingja: Af fyrstu 140.000,00 krónum 30 af hundraði, af næstu 140.000,00 krónum 33 af hundraði og svo áfram þannig að skatturinn eykst um þrjá af hundraði við hverjar 140.000,00 krónur er arfur hækkar um, allt til þess er skatturinn nær því að verða 45 af hundraði.

□ Nú byrja búskipti eftir lát beggja hjóna og skal þá leggja erfðafjárskatt á arf erfingjanna eins og um eitt bú sé að ræða án tillits til þess hvort erfingjar beggja hjónanna séu hinir sömu eða ekki.

¹⁾ L. 53/1997, 1. gr.

■ **5. gr.** Af þeim réttindum, sem lög þessi taka til samkvæmt 1. gr. og afhent eru sem greiðsla til erfingja fyrir fram upp í arf, skal greiða erfðafjárskatt sem hér segir:

Erfingjar, sem falla undir A-lið 3. mgr. 4. gr., skulu greiða 10 af hundraði.

Erfingjar, sem falla undir B-lið 3. mgr. 4. gr., skulu greiða 25 af hundraði.

Erfingjar, sem falla undir C-lið 3. mgr. 4. gr., skulu greiða 45 af hundraði.

Erfingjar, sem falla undir 1. eða 2. mgr. 4. gr., þurfa ekki að greiða erfðafjárskatt af fyrir fram greiddum arfi.

■ **6. gr.** Nú nemur fjárhæð, sem samtals fellur í arf, lægri fjárhæð en kr. 10.000,00 og eru erfingjar þá undanþegnir erfðafjárskatti.

□ Erfðafjárskattur skal talinn í heilum krónum, en lægri fjárhæð sleppt.

■ **7. gr.** Erfðafjárskatt skal greiða við lok skipta viðkomandi dánarbús og skal hann reiknaður út miðað við verðmæti arfs hvers erfingja á gjalddaga skattsins.

□ Sé búi skipt einkaskiptum ...¹⁾ skal búskiptum lokið og erfðafjárskatturinn greiddur eigi síðar en innan 12 mánaða frá andláti arfleiðanda. [Sýslumaður]¹⁾ getur þó lengt þennan frest um allt að sex mánuði í senn séu fyrir hendi sérstakar ástæður er geri slíka framlengingu nauðsynlega fyrir erfingjana.

□ Sé búi skipt opinberum skiptum skal erfðafjárskattur greiddur við lok skipta.

□ Nú eru búskipti mjög umfangsmikil og getur [sýslumaður]¹⁾ þá með úrskurði heimilað að skiptum verði lokið í tilteknum áföngum og erfðafjárskattur greiddur af hverjum áfanga fyrir sig. Slíka heimild má þó ekki veita nema um sé að ræða fullnaðaruppgjör á arfi tiltekinnna erfingja með hverjum áfanga.

□ Ekki er heimilt að gefa erfingjum út yfirlýsingu um eignarheimild þeirra að tiltekinni eign dánarbús fyrr en erfðafjárskattur af viðkomandi eign hefur verið greiddur.

□ Réttaráhrif fyrirframgreiðslu upp í arf miðast við það tímamark er erfðafjárskattur er greiddur eða, ef ekki þarf að greiða erfðafjárskatt vegna afhendingar viðkomandi eignar, þegar [sýslumaður]¹⁾ hefur áritað erfðafjárskýrslu varðandi fyrirframgreiðsluna.

¹⁾ L. 20/1991, 136. gr.

■ **8. gr.** Nú deyr maður sem tæmst hefur arfur áður en skiptum á því búi er lokið og skal þá dánarbúi hans taka þann arf er hinn látni ella hefði hlotið og greiða þann erfðafjárskatt er honum hefði borið að greiða.

■ **9. gr.** Við ákvörðun gjaldstofns skal um eftirfarandi eignaliði miða við eftirfarandi, enda séu eignirnar ekki seldar [við nauðungarsölu]:¹⁾

A. Fasteignir skulu taldar á fasteignamatsverði sem í gildi er þegar erfðafjárskattur er greiddur. Af leigulóðarréttindum skal einnig greiða erfðafjárskatt með sama hætti. Nú er eignarréttur að fasteign háður kvöð um innlausnarrétt tiltekins aðilja og skal þá leggja erfðafjárskatt á innlausnarverðið sé það lægra en fasteignamatsverðið.

B. Bifreiðir skulu taldar á áætluðu markaðsverði.

C. Innbú, málverk og bækur, safngripir, aðrir listmunir og þess háttar skal talið á matsverði.

D. Vélar, verkfæri og áhöld skulu talin á matsverði.

E. Búpeningur skal talinn á því verði sem lagt hefur verið til grundvallar landbúnaðarskýrslu til skattfyrvalda á því ári sem erfðafjárskattur er greiddur.

F. Inneignir hjá bönkum, sparisjóðum eða öðrum innlánsdeildum, sem og aðrar inneignir og útstandandi skuldir, skulu taldar að meðtöldum tilföllnum vöxtum og/eða verðbótum.

G. Skuldabréf til tveggja ára eða lengri tíma með bundnum vöxtum og óverðtryggt skulu talin á áætluðu markaðsverði.

H. Verðtryggt spariskírteini ríkissjóðs og happdrættis-skuldabréf ríkissjóðs skulu talin á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól.

I. Hlutabréf skulu talin á nafnverði að meðtöldum jöfnunarhlutabréfum sem réttur hefur stofnast til fyrir lok skipta.

J. Hugverkaréttindi hvers konar skulu talin á matsverði ákveðnu af aðiljum sem [sýslumaður]²⁾ telur til þess hæfa.

□ Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um ákvörðun gjaldstofna samkvæmt lögum þessum.

□ Nú kemur við skipti á búi fram eign og ekki er til að dreifa í lögum þessum né reglugerð ákvæði er við getur átt um hana og ákveður þá [sýslumaður]²⁾ hvernig fundið verði á hana matsverð sem erfðafjárskattur greiðist af.

¹⁾ L. 90/1991, 91. gr. ²⁾ L. 20/1991, 136. gr.

■ **10. gr.** Skuldir arfleiddanda, þar með talin væntanleg opinber gjöld, skulu koma til frádráttar áður en erfðafjárskattur er reiknaður, svo og útfararkostnaður arfleiddanda og kostnaður sem nauðsynlegur reynist til að ákvarða gjaldstofna samkvæmt 9. gr. Þessir liðir skulu sundurliðaðir á erfðafjárskýrslu og studdir gögnum.

■ **11. gr.** Nú skipta erfingjar dánarbúi einkaskiptum og skulu þeir þá, innan þeirra tímamarka er í einkaskiptaleyfi greinir, skila til [sýslumanns]¹⁾ útfylltri erfðafjárskýrslu í þremur eintökum á eyðublöðum sem félagsmálaráðuneytið leggur til í þessu skyni. Skal skýrslan vera skilmerkilega útfyllt og gögn fylgja henni til skýringar þeim fjárhæðum sem þar eru greindar. Skulu allir erfingjar undirrita erfðafjárskýrsluna.

□ [Sýslumaður]¹⁾ skal yfirfara erfðafjárskýrslu og gæta þess sérstaklega að hún sé í samræmi við skiptagerð viðkomandi dánarbús. Telji [sýslumaður]¹⁾ skýrslu áfátt að einhverju leyti

getur hann veitt viðkomandi aðiljum tiltekinn frest til að bæta úr eða leiðrétt sjálfur séu ágallar smávægilegir.

¹⁾ L. 20/1991, 136. gr.

■ **12. gr.** [Sýslumaður]¹⁾ skal yfirfara hvort eignir séu réttléga fram taldar á erfðafjárskýrslu, svo og annað það sem áhrif hefur á fjárhæð erfðafjárskatts.

□ Þegar [sýslumaður]¹⁾ hefur yfirfarið erfðafjárskýrslu og telur hana fullnægjandi skal hann reikna út erfðafjárskatt hvers erfingja og rita fjárhæð hans í þar til ætlaðan reit á skýrslunni. Síðan áritar hann öll eintök skýrslunnar um að hann hafi yfirfarið hana.

¹⁾ L. 20/1991, 136. gr.

■ **13. gr.** [Nú greinir erfingja á við sýslumann um gjaldstofn vegna tiltekinnar eignar eða annað sem hefur áhrif á fjárhæð erfðafjárskattsins og skal sýslumaður þá veita þeim allt að tveggja vikna frest til að leggja fram gögn til stuðnings kröfum sínum. Sýslumaður má lengja þennan frest um allt að tvær vikur. Að frestinum liðnum skal sýslumaður ákvarða erfðafjárskattinn á grundvelli framkominna gagna og tilkynna erfingjum þá ákvörðun með sannanlegum hætti. Vilji erfingjar ekki fella sig við ákvörðun hans geta þeir innan þriggja vikna frá því þeim berst tilkynning sýslumanns krafist úrlausnar héraðsdómara um skattskyldu eða skattfjárhæð eftir ákvæðum 119. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.]¹⁾

□ . . .¹⁾

□ Þegar endanleg niðurstaða um ágreiningsefnið liggur fyrir áritar [sýslumaður]¹⁾ skýrsluna samkvæmt ákvæði 2. mgr. 12. gr.

¹⁾ L. 20/1991, 136. gr.

■ **14. gr.** [Þegar dánarbúi er skipt opinberum skiptum skal skiptastjóri útfylla erfðafjárskýrslu í samræmi við frumvarp til úthlutunar úr búinu og undirrita hana einn en leggja hana síðan fyrir sýslumann til bráðabirgðaákvörðunar á erfðafjárskatti áður en skiptafundur verður haldinn um frumvarpið. Innan viku frá því skiptum er lokið skal skiptastjóri leggja skýrsluna á ný fyrir sýslumann í þríriti til endanlegrar ákvörðunar skattsins og áritunar.

□ Vilji erfingjar ekki fella sig við ákvörðun erfðafjárskatts skv. 1. mgr. skal farið með ágreining um hana eftir 1. mgr. 13. gr. en ef erfingjar samþykkja getur skiptastjóri lokið skiptunum með því að greiða þá skattfjárhæð, sem sýslumaður hefur ákvarðað, með fyrirvara um endurheimtu. Komi til endurgreiðslu skatts að leystum ágreiningi tekur skiptastjóri upp skiptin á ný til að úthluta því sem er endurgreitt.]¹⁾

¹⁾ L. 20/1991, 136. gr.

■ **15. gr.** [Gjalddagi erfðafjárskatts er sá dagur, sem sýslumaður áritar erfðafjárskýrslu skv. 2. mgr. 12. gr., ef um einkaskipti er að ræða, en skv. 1. mgr. 14. gr. sé um opinber skipti að ræða.]¹⁾

□ Ef erfðafjárskattur hefur eigi verið greiddur innan tveggja vikna frá gjalddaga skulu innheimtir til viðbótar dráttarvextir [samkvæmt vaxtalögum].¹⁾

¹⁾ L. 20/1991, 136. gr.

■ **16. gr.** [Sýslumenn]¹⁾ skulu fyrir 15. janúar ár hvert senda skattstjóra í sínu skattumdæmi eitt eintak af öllum erfðafjárskýrslum sem þeir hafa afgreitt á næstliðnu ári.

¹⁾ L. 20/1991, 136. gr.

■ **17. gr.** [Sýslumenn]¹⁾ skulu fyrir 15. janúar ár hvert senda ríkisendurskoðun eitt eintak af öllum erfðafjárskýrslum sem þeir hafa afgreitt á næstliðnu ári.

¹⁾ L. 20/1991, 136. gr.

■ **18. gr.** Nú kemur í ljós við endurskoðun skattfyrivalda að eign er ekki talin fram á erfðafjárskýrslu sem gögn skattfyrivalda benda til að þar ætti að vera og skal skattstjóri þá gera viðkomandi [sýslumanni]¹⁾ viðvart um það skriflega, og fer um slík mál að hætti 20. gr. laga þessara.

□ Nú kemur í ljós við endurskoðun ríkisendurskoðunar að fjárhæð erfðafjárskatts þykir ekki hafa verið réttilega út reiknuð og skal ríkisendurskoðun þá skriflega krefja [sýslumann]¹⁾ um skýringar. Úrskurðar ríkisendurskoðun síðan, að fenginni umsögn [sýslumanns]¹⁾ til hvaða ráðstafana skuli grípa í viðkomandi máli.

¹⁾ L. 20/1991, 136. gr.

■ **19. gr.** Allir embættismenn og aðrir, sem opinberum störfum gegna, svo og stjórnendur banka, sparisjóða, váttryggingarfélaga, hlutafélaga, kaupfélaga eða annarra félaga eða stofnana, þ.m.t. skattstjórar, eru skyldugir til að gefa án endurgjalds hvers konar upplýsingar er [sýslumaður]¹⁾ leitar eftir í sambandi við framkvæmd laga þessara, t.d. skýrslur um bankaviðskipti og inneignir, skuldabréf, hlutabréf o.s.frv.

□ Nú skorast einhver undan að gefa þær skýrslur sem hann er krafinn um samkvæmt þessari grein og getur [sýslumaður] þá neytt þess úrræðis sem skiptastjórum er veitt í 2. mgr. 52. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.]¹⁾

¹⁾ L. 20/1991, 136. gr.

■ **20. gr.** Nú hafa eignir vísvitandi verið vantaldar á erfðafjárskýrslu eða rangar upplýsingar verið gefnar er áhrif hafa haft á álagningu erfðafjárskatts til lækkunar og skal erfingi þá greiða allt að fimmfaldri þeirri fjárhæð í viðbótarerfðafjárskatt er skatturinn að réttu lagi hefði orðið hærri en hann varð.

□ [Sýslumaður]¹⁾ sem fær upplýsingar um atriði sem fyrri málsgrein þessarar greinar kann að taka til, skal tafarlaust boða erfingja á sinn fund og leita skýringa hans eða þeirra um sakarefnið. Telji hann skýringar erfingja afsakanlegar skal hann veita þeim stuttan frest til að skila viðbótarerfðafjárskýrslu. Telji [sýslumaður]¹⁾ skýringar viðkomandi aðilja ófullnægjandi skal hann með rökstuddum úrskurði leggja á erfingjana viðbótarerfðafjárskatt samkvæmt ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar. Jafnframt skal [sýslumaður]¹⁾ tilkynna ríkissaksóknara um málið, sbr. 24. gr.

¹⁾ L. 20/1991, 136. gr.

■ **21. gr.** [Sýslumaður]¹⁾ er innheimtumaður ríkissjóðs að því er erfðafjárskatt varðar og getur hann látið taka skattinn lögtaki . . .¹⁾

□ Erfingjar eru ábyrgir fyrir greiðslu erfðafjárskatts einn fyrir alla og allir fyrir einn, með þeirri takmörkun þó að ekki verður innheimt hjá neinum meira en sem svarar heildararfi hans samkvæmt skiptagerð viðkomandi dánarbús.

¹⁾ L. 20/1991, 136. gr.

■ **22. gr.** Fjárhæðir þær, sem um er rætt í 4. og 6. gr. laga þessara, skulu vera grunnfjárhæðir er breytast skulu hinn 1. desember ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar frá 1. október á næstliðnu ári til jafnlengdar á næsta ári, í fyrsta sinn 1. desember 1984. Heimilt skal að færa fjárhæðir þessar, standi þær ekki á heilu hundraði króna, upp í næsta heilt hundrað, standi þær á 50 krónum eða meira, en ella skal færa þær niður í næsta heilt hundrað fyrir neðan.

□ Félagsmálaráðuneytið skal með hæfilegum fyrirvara fyrir 1. desember ár hvert auglýsa opinberlega þær breytingar sem verða á viðmiðunarfjárhæðum samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

■ **23. gr.** Félagsmálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd einstakra ákvæða laga þessara.

■ **24. gr.** Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum . . .¹⁾ eða fangelsi allt að tveimur árum, enda liggi ekki við brotinu þyngri viðurlög samkvæmt öðrum lagaákvæðum.

¹⁾ L. 82/1998, 174. gr.

■ **[25. gr.]** Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á erfðafjárskatti erlendra og íslenskra skattaðila sem eftir gildandi löggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu eignum bæði á Íslandi og erlendis.

□ Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að gera samninga um gagnkvæm upplýsingaskipti og um innheimtu erfðafjárskatts við önnur ríki.

□ Nú er eigi fyrir hendi samningur við annað ríki um að komast hjá tvísköttun verðmæta sem lög þessi taka til og skattaðili, sem skattskyldur er hér á landi skv. 1. gr. laganna, greiðir til opinberra aðila í öðru ríki skatta af sömu verðmætum sem skattskyld eru hér á landi og er [sýslumanni]¹⁾ þá heimilt samkvæmt umsókn skattaðila að lækka erfðafjárskatt hans hér á landi með hliðsjón af þessum skattgreiðslum hans.²⁾

¹⁾ L. 20/1991, 136. gr. ²⁾ L. 114/1989, 2. gr.

■ **[26. gr.]**¹⁾ Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og taka til allra þeirra búa sem skipt er eftir gildistöku þeirra.

□ . . .

¹⁾ L. 114/1989, 2. gr.